

1. Fundur Minjaráðs Norðurlands vestra 13.6.2019 - Ráðhúsinu á Hvammstanga

13:00 Fundur settur

Allir minjaráðfulltrúar mættir, bæði aðal- og varamenn. Guðný Hrund Karlsdóttir, aðalmaður, Gunnar Tr. Halldórsson, varamaður, skipuð af sambandi sveitarfélaga. Berglind Þorsteinsdóttir, aðalmaður, Sólveig Hulda Benjamínsdóttir, varamaður, skipaðar af Safnaráði. Bragi Skúlason, aðalmaður, Magnús Björnsson, aðalmaður, Ingibergur Guðmundsson, varamaður, Sigríður Sigurðardóttir, varamaður, skipuð af Minjastofnun Íslands. Auk þess frá minjastofnun Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðukona Minjastofnunar, Þór Hjaltalín sviðstjóri minjavarðasviðs, Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri rannsókn- og miðlunarsviðs og Guðmundur St. Sigurðarson minjavörður Norðurlands vestra.

Kristín Huld bauð fólk velkomið og úthlutaði erindisbréfum og gögnum fyrir Minjaráðsfulltrúa.

Kynnti áform um stefnumótun á vegum stofnunarinnar á sviði menningarminja.

Úthlutaði upplýsingabæklingum um Minjastofnun og Húsvendastofu. Auk stefnu Minjastofnunar.

13:10 Agnes kynnti starfsemi Minjastofnunar og lagaumhverfi - Umræður sköpuðust um starfsstöðvar og dreifingu starfsmanna um landið.

14:05 kaffi

14:20 Þór kynnti starfsemi og hlutverk Minjaráða.

14:45 Önnur mál:

- Meðal þess sem fram kom í spjalli á fundinum var að ákveða næsta fundartíma á hverjum minjaráðsfundi svo fólk gæti tekið daginn frá. Næsti fundur var ákveðinn 5. September 2019.
- Minjaráðsfulltrúar tóku vel í hugmyndir um aukna þátttöku frá því sem verið hefur og var rætt um að minjavörður myndi útbúa möppu á netinu sem minjaráðsfulltrúar fengu aðgengi að þar sem hægt væri að skiptast á gögnum.
- Tillaga um að kynna betur fyrir byggingafulltrúum og sveitarstjórnarfulltrúum tilgang laga um vernaðarsvæði í byggð og almennt um lög um menningarminjar, s.s. umsagnarskyldu vegna framkvæmda við hús eldri 1925 o.s.frv.
- Tillaga kom frá minjaráðsfulltrúum um að minjavörður kannaði möguleika á að halda fund með minjaráði og öllum byggingarfulltrúum svæðisins.
- Kristín benti á að á aðalfundi MÍ eru veitt verðlaun til aðila sem staðið hafa sig vel í minjaverndarmálum og óskaði eftir ábendingum um aðila sem verðskulda slíka viðurkenningu.

15:30 Fundi slitið